

Verktækni

Stettarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

4

Viðbrögð félaganna

6

Minnisblað

7

„Heiti potturinn“

8

Viðtalið

10

Ársfundur FEANI

12

STFÍ

9. tbl. 14. árg. 2008



Mynd: Morgunblaðið

Ný staða kallar á viðbrögð

Síðustu vikurnar hafa SV, TFÍ og VFÍ brugðist við þeim breytingum sem hafa orðið í atvinnulífi landsmanna vegna fjármálakreppunnar. Markmiðið er að verja störf verkfræðinga og tæknifræðinga og taka þátt í að skapa aðstæður sem fela í sér sóknarfæri.

Atvinnuleysi hefur verið óþekkt meðal verkfræðinga og tæknifræðinga undanfarin ár og eftirspurn eftir starfskröftum þeirra meiri en framboð. Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar voru 22 verkfræðingar og 15 tæknifræðingar án atvinnu 1. október s.l. Félögin hafa ekki upplýsingar um fjölda þeirra sem eru á uppsagnarfresti. Sú hætta blasir við að uppsagnir verði meiri á næstu mánuðum ef ekki tekst að verja atvinnulífið fyrir frekari áföllum.

Á síðustu vikum hafa erlend fyrirtæki og ráðningarstofur sett sig í samband við skrifstofu félaganna til að kanna möguleika

á að fá íslenska verkfræðinga og tæknifræðinga til starfa. Stefna félaganna er sú að vinna fyrst og fremst að því að fá verkefni hingað heim í stað þess að beina félagsmönnum í þá átt að flytja úr landi. Skrifstofan er að sjálfsögðu reiðubúin að aðstoða þá félagsmenn sem hafa hug á að reyna fyrir sér erlendis.

Félagsmenn eru hvattir til þess að nota þjónustu skrifstofunnar en þar má fá upplýsingar og aðstoð. Á bls. 4 er fjallað nánar um viðbrögð félaganna við breyttum aðstæðum.





Lykillinn að góðri framtíð



*Lykillinn er ný og byltingarkennd þjónusta sem Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum. Með *Lyklinum* getur þú skyggst inn í framtíðina og áætlað eftirlaun og áfallalífeyri í hlutfalli við laun. Þú getur líka séð upplýsingar um núverandi stöðu þína á myndrænan og skýran hátt og fengið ráðleggingar frá okkur um hvað þú þarft að gera til þess að eiga góða fjárhagslega framtíð.*

Sjóðfélagar fá sendan USB-lykil með kynningarmyndbandi, notandanafni og lykilorði sem þeir geta notað til þess að skrá sig inn á *Lykilinn*.

Kynntu þér málið á www.almenni.is eða í síma 440 4900

 **ALMENNI**
LÍFEYRISSJÓÐURINN

DAGBÓKIN

Samlokufundir

Samlokufundir VFÍ og TFÍ eru að jafnaði haldnir fyrsta eða annan fimmtudag hvers mánaðar kl. 12:00 í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9. Félagsmenn fá samlokur og drykki án endurgjalds en utanfélagsmenn geta keypt veitingarnar á sanngjörnu verði. Samlokufundirnir eru auglýstir á heimasíðum félaganna og með fjölpósti til félagsmanna.

Ný netföng félaganna

Vegna samrekstrar á skrifstofu TFÍ, SV og VFÍ voru tekin upp sameiginleg netföng sem enda á @verktaekni.is. Netfang skrifstofunnar er skrifstofa@verktaekni.is. Netföng félaganna eru nú: vfi@verktaekni.is, sv@verktaekni.is og tfi@verktaekni.is. Eldri netföng verða enn um sinn í gildi.

Efni á heimasíðurnar

Peir sem óska eftir að fá birtar tilkynningar, fréttir og annað efni á vefjum VFÍ, SV og TFÍ geta sent tölvupóst til ritstjóra Verktækni (sigrun@verktaekni.is). Athugið að hægt er að nálgast pdf-útgáfu af Verktækni á heimasíðunum.

Laust í orlofshúsum?

Vakin skal athygli á því að reynt er að koma upplýsingum á heimasíðu SV á fimmtudegi

ef laust er í orlofshúsum þá helgi sem framundan er. Einnig geta félagsmenn fengið upplýsingar með því að senda póst á inga@verktaekni.is. Félögum í KTFÍ sem eru í Orlofssjóði BHM er bent á að hægt skoða möguleika og bóka hús á bókunarvef sjóðsins. Einfaldast er að velja „Lausir dagar“.

Skilafrestur

Ráðgert er að næsta tölublað Verktækni komi út á fyrstu dögum nýs árs. Þeir sem vilja koma efni í Verktækni og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst á sigrun@verktaekni.is

Fræðslukönnunin – Munið að svara

Endurmenntun Háskóla Íslands og Ensím nefndin, Endur- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ og SV, unnu saman að gerð fræðslukönnunar í þeim tilgangi að mæta þörfum verkfræðinga og tæknifræðinga hvað varðar endur- og símenntun. Könnunin er gerð rafrænt og var hún send með tölvupósti til allra félagsmanna. Til að könnunin þjóni tilgangi sínum og niðurstöður hennar komi til móts við þarfir og áhugasvið félagsmanna er mikilvægt að fá góða svörun. Félagsmenn eru hvattir til að svara sem fyrst.

LEIÐARINN

Sérstakir tímar

Síðustu vikur hafa verið nokkuð sérstakar hér á skrifstofu félaga verkfræðinga og tæknifræðinga og óhætt að segja að í mörg horn hafi verið að líta. Vissulega hefðum við öll viljað að verkefnið væru til komin vegna jákvæðari ástæðna heldur en þeirra sem endurspeglar þá erfiðleika sem við blasa alls staðar í þjóðfélaginu.

Atvinnuleysi hefur verið óþekkt meðal verkfræðinga og tæknifræðinga undanfarin ár. Eftirspurnin hefur yfirleitt verið langt umfram framboð. Á forsiðu þessa tölublaðs kemur fram að þann 1. október síðastliðinn voru samtals 37 verkfræðingar og tæknifræðingar án atvinnu.

Tölur yfir stöðuna þann 1. nóvember lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun. Því miður má telja fullvíst að bæst hafi í þennan hóp tvö síðustu mánaðamót.

Eins og sjá má á efni þessa blaðs þá hafa SV, TFÍ og VFÍ brugðist við breyttum aðstæðum á vinnumarkaði félagsmanna sinna. Markmiðið er að verja störf og taka þátt í að skapa aðstæður sem fela í sér sóknarfæri. Einnig aðstoða félögin þá sem upplifa breytingar á högum sínum til dæmis vegna gjaldþrots vinnuveitanda, uppsagnar eða launalækkunar.

Rétt er að vekja athygli á því að á heimasíðum félaganna er að finna ýmsar upplýsingar um stöðuna á vinnumarkaði og leiðbeiningar. Við munum uppfæra þetta efni reglulega og hvetjum félagsmenn að koma til okkar ábendingum. Senda má tölvupóst til undirritaðrar, sigrun@verktaekni.is.

Þá er ekki síður mikilvægt að félagsmenn komi á framfæri hugmyndum sínum um hvernig félögin geta brugðist við. Nefna má að fram hafa komið hugmyndir um að Verkfræðingahúsið verði vettvangur fyrir þá sem vilja koma saman og ræða málin. Ein hugmyndin er að blanda saman fyrirlestrum og vinnufundum þar sem farið er yfir stöðuna og hugsanlegar lausnir.

Að lokum sendi ég lesendum Verktækni bestu jólakveðjur með von um að þeir njóti aðventunnar og hátíðarinnar sem framundan er. – Gleðileg jól og heillaríkt komandi ár!

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.

Árshátíð VFÍ

Árshátíð Verkfræðingafélags Íslands verður haldin í Súlnasal Hótelis Sögu laugardaginn 7. febrúar 2009

Skemmtidagskrá
Hátíðarkvöldverður
Hljómsveit leikur fyrir dansi

Miðapantanir og nánari upplýsingar á skrifstofu VFÍ í síma: 535 9300, netfang: skrifstofa@verktaekni.is

VERKTÆKNI

Engjateigi 9 · 105 Reykjavík
Sími: 535 9300 · Símbref: 535 9311
Tölvupóstur: sigrun@vfi.is · sigrun@tfi.is

Blaðið VERKTÆKNI er gefið út af Verkfræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands og er dreift ókeypis til félagsmanna.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigrún S. Hafstein.

Blaðnefnd: Árni Þór Árnason (TFÍ) og Ólafur Pétur Pálsson (VFÍ), María S. Guðjónsdóttir (SV), auk ritstjóra.

Leyfilegt er að birta efni úr Verktækni ef heimildir er getið. Skoðanir sem settar eru fram í blaðinu samrýmast ekki endilega viðhorfum útgafenda.

Prentvinnsla: Gutenberg · Mynd á forsiðu: Rafn Sigurbjörnsson · Aðstoð við útgáfu: Hænin · Sími: 55 88 100 · utgafa@utgafa.is

Breyttar aðstæður – viðbrögð félaganna

Síðustu vikurnar hafa félög verkfræðinga og tæknifræðinga brugðist við þeim breytingum sem hafa orðið í atvinnulífi landsmanna vegna fjármálakreppunnar. Markmiðið er að verja störf verkfræðinga og tæknifræðinga og taka þátt í að skapa aðstæður sem fela í sér sóknarfæri.

Eins og fram kemur á forsiðunni þá hefur atvinnuleysi verið óþekkt meðal verkfræðinga og tæknifræðinga undanfarin ár og eftirspurn eftir starfskröftum þeirra meiri en framboð. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru 22 verkfræðingar og 15 tæknifræðingar án atvinnu 1. október s.l. Félögin hafa ekki upplýsingar um fjölda þeirra sem eru á uppsagnarfresti. Sú hætta blasir við að uppsagnir verði meiri á næstu mánuðum ef ekki tekst að verja atvinnulífið fyrir frekari áföllum. Félögin leggja mikla áherslu á að fylgjast vel með og eiga gott samstarf við þá aðila sem tengjast þessum málum.

Framkvæmdastjóri félaganna og fulltrúar Félags ráðgjafarverkfræðinga áttu fundi með formanni fjárlaganefndar og iðnaðarnefnd Alþingis. Þar var óskað eftir samráði, sjónarmiðum félaganna var komið á framfæri og iðnaðarnefnd afhent aðgerðaáætlun. (Sjá bls. 6). Þá hefur framkvæmdastjórinn rætt við forsvarsmenn

stærstu verkfræðistofanna. Einnig hefur hann ásamt formanni SV átt fundi með Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og fulltrúum Samtaka sprotafyrirtækja. Það er óhætt að segja að þessir fundir og samtöl hafi verið afar gagnleg og hefur frumkvæði félaganna verið fagnað.

Fundir

Félögin telja mikilvægt að halda fundi um þau málefni sem brenna á félagsmönnum. Stuttu eftir hrun bankanna var haldinn Samlokufundur um áhættu og fjármál og einnig voru kynningarfundir um stöðu Lífeyrissjóðs verkfræðinga og Almenna lífeyrissjóðsins. Allir þessir fundir voru mjög vel sóttir. Þá bryddaði VFÍ upp á þeirri nýbreytni, miðvikudaginn 26. nóvember, að boða til morgunfundar þar sem félagsmönnum var boðið til skrafs og ráðagerða. Þar sagði Sveinn Ólafsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Verkis frá erindi því sem að hópur verkfræðinga kynnti fyrir iðnaðarnefnd Alþingis þann 15. nóvember síðastliðinn varðandi verkefnastöðu og horfur hjá verkfræðingum og tæknifræðingum í dag.

Mánudaginn 1. desember stóðu SV, TFÍ og VFÍ fyrir hádegisfundi um aðgerðir félaganna og möguleika fyrir nýsköpun og frumkvöðla í ljósi breyttrar stöðu á vinnumarkaði. Ráðgert er að halda fleiri slíka fundi þar sem farið verður yfir stöðu

mála og leitað eftir hugmyndum hjá félagsmönnum.

Erlendar ráðningarstofur

Á síðustu vikum hafa erlend fyrirtæki og ráðningarstofur sett sig í samband við skrifstofur félaganna til að kanna möguleika á að fá íslenska verkfræðinga og tæknifræðinga til starfa. Stefna félaganna er sú að vinna fyrst og fremst að því að fá verkefni hingað heim í stað þess að beina félagsmönnum í þá átt að flytja úr landi. Skrifstofa félaganna er að sjálfsgöðu reiðubúin að aðstoða þá félagsmenn sem hafa hug á að reyna fyrir sér erlendis.

Á heimasíðum félaganna eru listar yfir þá aðila erlendis sem skrifstofan hefur verið í sambandi við. Um er að ræða fyrirtæki sem leita beint eftir fólki í tiltekin störf, vinnumiðlanir sem óska eftir fólki á skrá og einnig ábendingar sem hafa borist um fyrirtæki sem hugsanlega eru að leita eftir fólki.

Aðstoð við félagsmenn

Félagsmenn eru hvattir til þess að leita til skrifstofunnar eftir aðstoð. Á heimasíðum félaganna eru gagnlegar upplýsingar í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði. eru þær sérstaklega ætlaðar þeim sem hefur verið sagt upp eða hafa misst vinnuna í kjölfar gjaldþrots. Einnig er kappkostað að á heimasíðunum séu fréttir af gangi mála eftir því sem við á.



Fullt var út úr dyrum á kynningarfundum Lífeyrissjóðs verkfræðinga.

*Íslenskt hugvit
– okkar hagur!*



Veljum íslenskt!



Samtök iðnaðarins - www.si.is

NI LabVIEW

Myndræn forritun

Það er einstaklega fljótlegt að taka mælingar, greina þær og birta með hinni öfluglu myndrænu forritun.



- Tengist hvaða jaðartæki sem er með stuðningi 5000 tækjarekla frá 200 framleiðendum.
- Greinið hrágögn og finnið hulin sannindi með hjálp 800 greiningaraðgerða.
- Skiptist á niðurstöðum við samstarfsmenn með vefskýrslum, Excel-færslum og gagnagrunnstengingum.

Þjónustuaðili á Íslandi



Mælibúnaður hf

Höfðabakki 9c 110 R

www.maelibunadur.is

sala@maelibunadur.is • s. 661 1169

>> Skoðið sýnidæmi og sækið kynningarhugbúnað ni.com/labview/whatis



©2008 National Instruments Corporation. All rights reserved. LabVIEW, National Instruments, NI, and ni.com are trademarks of National Instruments. Other product and company names listed are trademarks or trade names of their respective companies. 2008-9283-921-999

MINNISBLAÐ

fundur FRV, VFÍ, TFÍ og SV með iðnaðarnefnd Alþingis

Staðan í dag

Á verkfræðistofum á Íslandi starfa á milli 1500 og 1800 manns. Um er að ræða verk- og tæknifræðinga að stærstum hluta, einnig jarðfræðinga og líffræðinga auk skrifstofufólks. Innan vébanda stofanna er fjöldi starfsmanna með sérþekkingu og sérmenntun á sviðum sem er, og hefur verið, grundvöllur iðnaðaruppbyggingar, orkuvinnslu, gerð samgöngumannvirkja o.fl. á Íslandi.

Staða þessara fyrirtækja er nú þannig að fjöldauppsagnir eru framundan og hugsanlega lokum margra þeirra á næstu 2 mánuðum vegna verkefnisskorts. Vegna þess mannaúts, þekkingar og reynslu, sem er að finna innan verkfræðistofanna er brýnt að komið verði með beinum aðgerðum í veg fyrir að þær missi sitt starfsfólk. Menntaðir tæknimenn eiga auðvelt með að fá störf við hæfi erlendis og því mikil hættu á að þeir hverfi úr landi á næstu mánuðum komi ekki til tafarlausra aðgerða af hálfu opinberra aðila. Að mati hagsmunafélaga tæknimanna verður að grípa inn í þessa þróun án tafar, bið í 2-3 mánuði mun valda miklu tjóni.

Fyrir liggur að fjármálaráðuneytið hefur sent opinberum stofnunum og ríkisfyrirtækjum fyrirmæli um að draga verulega úr innkaupum á allri þjónustu, jafnvel stöðva verkefni sem komin voru af stað. Sveitarfélögin virðast ætla að stöðva framkvæmdir og undirbúning að miklu leyti. Slík nálgun er ávisun á mikið tjón með hliðsjón af framansögðu.

Hugmyndir og ábendingar

Sveitarfélög

- Farið verði í undirbúning hagkvæmra framkvæmda í samgöngumálum
Hönnun hjólastíga (til hugmyndir um yfirbyggingu hjólastíga við stofnbrautir)
Hönnun hringtorga og annarra samgöngubóta.

Gjaldeyrisskapandi verkefni á sviði stóriðju og orkuvinnslu

- Helgúvík og tengd orkuöflun - mikilvæg framkvæmd m.t.t. mannaflaparfar.
- Farið í vinnslu umhverfismata vegna hugsanlegra annarra framkvæmda á sviði stóriðju.
- Álverið í Straumsvík, fyrirhuguð afkastaukning - arðbær framkvæmd.
- Hugsanleg hönnun, og síðar bygging, áburðarverksmiðju á Íslandi.
Orka á samkeppnishæfu verði til staðar.

Fáir framleiðendur í heiminum (stór framleiðandi í Noregi þar sem orkuverð er hátt) Lítil hráefniskostnaður. Langtímasamningar um sölu t.a.m. til Kína og Brasilíu.

Nýsköpun

- Skoða hvort styrkja megi nýsköpun innan verkfræðifyrirtækjanna.
- Atvinnuleysisbætur til fyrirtækja er halda stafsmönnum t.d. í hálfu starfi á móti. Gæti tengst vinnu við nýsköpunarverkefni t.d. í tengslum við Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Þróunaraðstoð Íslands

- Kanna hvort íslensk ráðgjafarfyrirtæki geti veitt jafngóða eða betri aðstoð við samfélagslega uppbyggingu í þróunarlöndum (skoða skattamál fyrirtækja vs. einstaklinga).
- Samvinna opinberra aðila og ráðgjafarfyrirtækja á Norðurlöndum á þessu sviði er staðreynd

Kostnaður og fjármögnunarleiðir

- Aðkoma lífeyrissjóða með lánunum til orkufyrirtækja og hugsanlega fleiri.
- Brýnt er að hafa í huga að vinna tæknimanna er nauðsynlegur undanfari framkvæmda. Kaup á slíkri þjónustu fer að stærstum hluta í launagreiðslur og kallar ekki á kaup á aðföngum eða miklar fjármálalegar skuldbindingar.
- Brýnt er að hafa í huga að þegar ráðast skal í framkvæmdir verður vinna tæknimannanna, t.a.m. hönnun, að vera lokið. Ef framkvæmdir hafa þegar verið undirbúnar þá geta þær farið í gang án tafar um leið og fjármagn fæst.

Munið heimasíður
félaganna

www.sv.is

www.vfi.is

www.tfi.is

„Heiti potturinn“ – morgunfundur

Miðvikudaginn 26. nóvember var morgunfundur hjá Verkfræðingafélaginu undir yfirskriftinni „Heiti potturinn“. Þar gafst félagsmönnum tækifæri að hittast og ræða málin yfir kaffibolla og rúnstykki. Ekki var um formlega dagskrá að ræða en Sveinn Ólafsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Verkís sagði frá erindi því sem hópur verkfræðinga kynnti fyrir iðnaðarnefnd Alþingis þann 15. nóvember sl. varðandi verkefnastöðu og horfur hjá verkfræðingum í dag. Minnislistinn er birtur hér í Verktækni.

Eins og gjarnan í heitum pottum sundlauganna þá voru málin rædd vítt og breitt og fram komu áhugaverðar hugmyndir. Hér eru birtir punktar yfir það helsta sem kom fram. Ráðgert er að halda fleiri slíka óformlega morgunfundi og eru félagsmenn hvattir til að mæta.

Punktar úr „Heita pottinum“:

- Mikilvægt er að halda mannaúðnum í landinu. Grípa þarf til fyrirbyggjandi aðgerða eins og til dæmis að fólk á atvinnuleysisbótum geti stundað nám.
- Bent á að við undirbúning mannvirkjalaga þurfi að vinna handbækur og margvíslegt efni. Nú þegar sé búið að gera ráð fyrir fjármunum í slík verkefni.
- Nauðsynlegt að setja af stað atvinnuskapandi verkefni, til dæmis hefur viðhald bygginga verið vanrækt og bent var á miðbæinn í því sambandi.
- Undanfarin ár hefur ekki verið tími til að þróa verklýsingar og útboðslýsingar fyrir byggingariðnaðinn. Þær vantar sárlega og verkefnið er mjög hagkvæmt.
- Félögin hafa fundað með Nýsköpunarmiðstöð og framundan er kynningarfundur. Einnig var fundað með samtökum sportafyrirtækja og þar kom fram mikill áhugi á að starfa með verkfræðistofunum.
- Staðan í orkuiðnaðinum er erfið. Fyrirtæki eins og RARIK og OR eiga í erfíðleikum með að fá lán. Nauðsynlegt að halda áfram rannsóknum og framkvæmdum. Verið er að

vinna nýja rammaáætlun og mikilvægt að verkfræðingastéttin komi kröftuglega að því verki.

- Reynsla þeirra sem eldri eru sýnir að sagan endurtekur sig. Það versta sem stjórnmöld gera er að missa trú á landinu og halda að sér höndum í undirbúningi framkvæmda og rannsóknum. Mikilvægt sé að halda bjartsýninni og trú á því að það komi aftur góðir tímar.
- Gengisþróunin veldur því að viðhorf til þess að selja þjónustu til erlendra aðila er gjörbreytt. Vorum of dýr, erum nú samkeppnishæf.
- Hugmynd kom fram um að félögin gætu verið eins og „söluskrifstofa“ gagnvart verkefnum erlendis. Þ.e. sameiginlegur vettvangur fyrir verkfræðistofurnar. Þar mætti til dæmis nýta tengsl þeirra sem eldri eru, sérstaklega í nágrannalöndunum.
- Félögin geta verið vettvangur til að koma fram með hugmyndir og halda utan um þær. Halda fundi og nota heimasíðurnar þar sem félagsmenn geta komið hugmyndum sínum á framfæri.

VIROC fjölnota byggingaplatan

STÆRÐ PLÖTU: 1200 X 3000 MM

5 ÞYKKTIR: 8, 10, 12, 16 og 19mm

RÚMÞYNGD: 1300 kg/M³

BRUNARÞOL: 10 mm í flokki 1.

Viðurkennt af B.R - VIROC er prófað af R.B. að Keldum



UTANHÚSSKLÆDNING



- málað eða hraunað

EININGAHÚS



- ytra og innra byrði

MILLIVEGGIR



- A60eldvörn

BITAKLÆDNING



- eldvörn fyrir stálbita

LAGNASTOKKUR



- eld- og hljóðvörn

GÓLFPLÖTUR



- hentar í blautrymi



P. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 - 108 Reykjavík 5538640 - www.thco.is



Logi Kristjánsson, fyrrv. framkvæmdastjóri SV, TFÍ og VFÍ. Að hafa trú á því sem maður gerir

Logi Kristjánsson lét nýverið af störfum eftir ellefu ár sem framkvæmdastjóri VFÍ og TFÍ en síðasta árið var hann einnig framkvæmdastjóri SV. Í viðtalinu er stiklað á stóru yfir ferilinn og hann lýsir meðal annars skoðunum sínum á framtíð félaga verkfræðinga og tækni-fræðinga.

Logi ólst upp í vesturbæ Hafnarfjarðar. Foreldrar hans voru róttækt alþýðufólk og kjörin oft kröpp. Eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum á Laugarvatni fór Logi í verkfræðideild Háskóla Íslands. Hann hætti námi og fór að vinna enda var nú fyrir fjölskyldu að sjá. Hugurinn var samt enn við verkfræðina og árið 1968 hélt hann til náms í Weimar í Austur-Pýskalandi.

Af hverju varð verkfræðin fyrir valinu?

„Ég er alinn upp af alþýðufólki sem tók virkan þátt í baráttunni fyrir betri kjörum og lögðu ríka áherslu á mikilvægi þess að börnin menntuðu sig í von um betri framtíð þeim til handa. Það eina sem ég hafði áhuga á að læra var að reikna og teikna, fyrir utan íþróttirnar. Foreldrar mínir þóttust vita hvernig hægt væri að beina þessum áhuga í farsælan farveg og hvöttu mig til náms í verkfræði. Ömmubróðir minn, Ásgeir Bjarnason, þingmaður Dalamanna, sem ég var í sveit hjá í níu sumur vildi hins vegar gera mig að presti. Ég hef nú ekki



Logi Elfar Kristjánsson.

getað séð aðra ástæðu fyrir því en að það hafi verið eina starfið sem hann gat boðið mér í Dölum vestur. Tel mér það reyndar til hróss að hann vildi hafa mig nærri. Eftir stúdentspróf fór ég í verkfræðideildina en lauk ekki fyrrihlutaprófinu. Áhuginn beindist að öðru – mörgu öðru. Ég var á kafi í pólitík og íþróttum, spilaði eitt árið í þremur boltagreinum á Íslandsmótum og æfði auk þess með landsliðinu í handknattleik. Eitthvað vann ég enda vorum við komin með tvö börn. Loks sá ég að eina leiðin fyrir mig að ljúka námi var að fara út.“

Námslán voru afar rýr og langt frá því að hægt væri að lifa af þeim. Á þessum árum fengu fjórir nemendur á ári styrk til náms í Austur-Pýskalandi. Tveir fóru í gegnum „Flokkinn“ og tveir í gegnum verkálýðshreyfinguna. Styrkurinn var ágætur fyrir Íslendingana, þeir fengu 270 mörk á mánuði og hálf námslán að heiman til viðbótar. Þýsku stúdentarnir fengu hins vegar 150 mörk. Logi nam fjóra vetur við Bauhaus háskólann í Weimar eins og skólinn heitir nú, frægur skóli fyrir skapandi starf Bauhaus hópsins. Á sumrin og í jólaleyfum fór hann heim að vinna og keppa í íþróttum. Hann var lengst af einn úti. Fjölskyldan var hjá honum aðeins einn vetur en sneri heim vegna þess að dvalarleyfi fékkst ekki.

Hvernig var ástandið, var mikil fátækt?

„Nei, það er nú ekki hægt að segja það. Allir höfðu vinnu og í sig og á. Launin voru vissulega lág miðað við það sem gerðist vestan megin en matvæli og nauðsynjar voru ódýr. Mér gekk vel að lifa af styrknum þegar ég var einn, tókst reyndar að hækka hann nokkuð með frammistöðustyrk. En veturinn sem Ólóf konan mín og elsti strákurinn voru úti, þrjónaði hún lopapeysur sem voru mjög eftirsóttar og við seldum á svörtum. Við vorum bæði vön að lifa af litlu og þetta gekk upp.“

Logi segir að menntakerfið í Austur-Pýskalandi hafi verið mjög gott. Til marks um það er að nemendur í verkfræði og læknisfræði vestan megin sóttu gjarnan kennslubækur austur yfir. „Ég tel óhætt að fullyrða að þeim Íslendingum sem stunduðu nám í Austur-Pýskalandi á þessum árum hefur undartekningarlaust vegnað vel og komið íslensku samfélagi að góðu gagni. Þýskir félagar mínir úr skólanum hafa líka upp til hópa staðið sig vel.“

Var námið erfitt?

„Mér sóttist námið ágætlega. Ég valdi línu sem áður var stærðfræðilína en hafði, líkt og í DTH, verið breytt árið áður í það sem nú er kallað hugbúnaðarverkfræði. Það má því segja að ég hafi tekið fyrrihlutapróf í byggingarverkfræði en lærði síðan aðallega hugbúnaðargerð og stærðfræði. Það var horft til þess að við sem fórum í þetta nám myndum gegna því hlutverki að vera tengiliðir byggingarverkfræðinganna við tölvurnar og smíða fyrir þá hönnunartólin á tölvurnar.



Árið er 1979. Loga er skemmt þegar bæjarstjóri Eskilstuna afhendir Neskaupsstað sorpbíl.

Ég hafði nóg að gera en þetta gekk allt vel og var dýrmætur tími. Ég fór heim í leyfum og fékk skammir einu sinni á ári fyrir hvað ég mætti seint út aftur að þeim loknum. Ég eignaðist mjög góða féлага og var á fullu í handboltanum en sleppti pólitíkinni. Við hjónin höfum alla tíð haldið góðu sambandi við vini okkar sem við eignuðumst þarna."

Logi segir að það hafi verið eftirminnilegt að hitta félagana eftir að múrinn féll. „Þeir voru mjög hugsni yfir þessu öllu saman, hvort fallið hafi raunverulega verið til góðs. Sérstaklega þeir sem höfðu flutt vestur yfir. Það var mikið atvinnuleysi, allt upp í 30% og afar slæmt ástand fyrst eftir að múrinn féll. Fyrir austan bjuggu menn almennt við góða skóla, ókeypis heilsugæslu og dágóða félagslega aðstöðu. Það sem fólkið hins vegar fann verulega fyrir var að það naut ekki ferða-, trúar- og tjáningarfrelsis og sá ótti sem því fylgdi."

Voru margar konur í verkfræðináminu?

„Já þær voru alveg til jafns við karlana. Það giltu ákveðnar reglur um aðgang að háskólanámi m.a. um jafnan rétt kynjanna til náms. Einnig höfðu börn verkafólks forgang til ákveðinnar menntunar fram yfir börn háskólamenntaðra. Einn félagi okkar, sem var afburðagreiður og góður námsmaður, fékk t.d. ekki að fara í doktorsnám því báðir foreldrarnir voru háskólamenntaðir. Óréttlætið var stundum mikið en réttur kvenna var miklu meiri en hér heima. Það gilti um nám og vinnu en ábyrgðin á heimilishaldi og börnum var konunnar. Verkaskiptingin á heimilinu var jafnvel skýrari og afdráttarlausari en hér á þeim tíma.

Weimar hefur um aldaðir notið forréttinda sem borg menningar og lista, með Göthe, Schiller, Schubert og List sem flaggskip. Á þessum tíma var talsverð gerjun í heimspólitík og listum. Stúdentakjallarinn okkar, gamall varðturn, gekk undir nafninu „Svarti turninn á rauða svæðinu“ í tímaritinu „Der Spiegel“ vegna meira frjálssræðis en almennt var veitt í DDR á þessum tíma. Stúdentaeirðirnar í París voru í hámarki og Rude Dutschke fékk m.a. að koma og halda fyrirlestur. Það þótti einstakt."

Bæjarstjóri í ellefu ár

Logi kom heim frá námi 1972 og fór að vinna á verkfræðistofu Guðmundar Magnússonar. Í janúar 1973 var hann sendur á vegum stofunnar til að taka þátt í björgun húsa í Vestmannaeyjagosi. Það var honum mikilvæg reynsla sem nýttist á óvæntan hátt. Seinna það ár lá leiðin austur í Neskaupsstað þegar Logi tók við stöðu bæjarstjóra.

„Við hjónin tókum við af Bjarna Þórðarsyni, ég sem bæjarstjóri og Ólöf sem ritstjóri Austurlands. Börnin voru þá orðin fjögur. Tími okkar í Neskaupsstað var geymsla lærdómsríkur. Samfélagið var



Með vænan lax úr Flekkunni sumarið 2002.

vel byggt upp, hugað að hinu stærsta sem smæsta. Þjónustustig óvenju hátt í svona litlu bæjarfélagi enda stjórnad af merki- legum og samheldnum hópi. Umræður á flokksfundum voru málefnalegar, oft gagnrýnar en uppbyggjandi. Fólk var óhrætt við að tjá sig og takast á við ólíkar skoðanir. Þá var ekki farið í fylu þótt einhver andmælti. Þótt fundir snerust að sjálfsögðu að mestu um málefni sem snerti sveitarfélagið þá var landsmálaumræðan aldrei langt undan. Það var sérstakur hópur, flokkurinn í Neskaupsstað.

Það var mjög gott að búa í Neskaupsstað og fjölskyldan undi hag sínum vel. Börnin voru orðin fjögur þegar við fluttum þangað og lífið í þessari heillandi náttúru í leik og starfi verður ætíð sterkur kaffli í minningu okkar. Það var vissulega eldskírni og mikil lífsreynsla þegar snjóflóðin féllu 20. desember 1974. Þetta voru erfiðir tímar en bæjarbúar stóðu þétt saman – engin flokkssjónarmið skildu að, verkefnið var ofar öllu. Það var afar sérstakt að upplifa hvernig bæjarbúar brugðust við – með

einstöku æðruleysi. Á björgunarstað unnu menn eins og einn maður – hamhleypur – að miklu leyti undir stjórn skipstjórnarmanna sem voru vanir að stjórna og þarna kunnu menn að taka stjórnun. Mér hefur ætíð fundist að tími minn við björgunarstörf í Vestmannaeyjum hafi verið gagnýtur undirbúningur undir þennan tíma, sama má segja um uppbyggingarstarfið sem fylgdi í kjölfarið, við lærðum af starfinu í Eyjum, bæði það sem miður fór og hinu."

Í snjóflóðunum fórust tólf manns og lang stærstur hluti atvinnutækja í fiskvinnslu og fiskiðnaði eyðilagðist. Árin sem á eftir komu voru, áttundi áratugurinn oft nefndur skuttogaraáratugurinn, var áratugur mikillar uppbyggingar í Neskaupsstað, sem víðar á landsbyggðinni, bæði á sjó og landi. Í þessu sambandi má nefna uppbyggingu innri hafnarinnar, Verkmenntaskólans, stækkun Sjúkrahúsins og Barnaskólans og bygging félagslegra íbúða og íbúða fyrir aldraða. Menningarmálin voru líka tekin föstum

Framhald á bls. 13

Logi Elfar Kristjánsson, fæddur í Hafnarfirði 20. september 1941.

Námsferill: Stúdent frá Menntaskólanum á Laugarvatni 1963. Próf í byggingarverkfræði frá Hochschule für Architektur und Bauwesen (nú Bauhaus – Uni) í Weimar í Þýskalandi 1972.

Starfsferill: Mælingastörf og verkstjórn fyrir ýmsa verktaka og Hafnarfjarðarbæ 1964-68. Verkfræðingur hjá Verkfræðistofu Guðmundar Magnússonar 1972-73. Bæjarstjóri í Neskaupsstað 1973-84. Forstöðumaður Tölvuþjónustu sveitarfélaga frá 1984-97. Framkvæmdastjóri VFÍ og TFÍ 1997-2008 og einnig SV frá áramótum 2007-08.

Félags- og trúnaðarstörf: Bæjarfulltrúi í Neskaupsstað 1974-84 og sat þá í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins. Varaformaður Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi 1980-82. Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga 1974-84. Formaður stjórnar Tölvuþjónustu sveitarfélaga 1978 – 1984. Í atvinnuálanefnd Kópavogs 1986-94 og í atvinnuálanefnd höfuðborgarsvæðisins 1990-1996. Byggingarnefnd Kópavogs 1994 – 2002. Skoðunarmaður bæjarreikninga Kópavogs 1990-1998. Í stjórn Innkaupastofnunar ríkisins 1990-92. Formaður Ungmennafélagsins Breiðabliks 1989-1996. Í stjórn ÍSÍ og Ólympiunefndar Íslands 1996 til 1997. Fyrrverandi handknattleiksmaður með FH og Haukum, knattspyrnumaður með Breiðabliki. Ellefu Íslandsmeistaratiðlar í handknattleik karla, úti og inni. Í landsliði Íslands í handknattleik 1967 til 1968.

Ársfundur FEANI

Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Félögin skiptast á að fara með formennsku í nefndinni, tvö ár í senn. Vegna kostnaðar tekur Íslandnefnd FEANI ekki virkan þátt í sérnefndum FEANI. Formaður nefndarinnar sækir hins vegar ársfundinn sem að þessu sinni var haldinn dagana 1. – 4. október s.l. í Búkarest í Rúmeníu. Fundinn sóttu 98 fulltrúar frá öllum 29 aðildarþjóðum FEANI.

Öll fagfélög verkfræðinga og tæknifræðinga í Evrópu eru aðilar að FEANI og eru félagsmenn þeirra samtals um 3,8 milljónir. Meginhlutverk samtakanna er að standa vörð um gæði menntunar verkfræðinga og tæknifræðinga auk eftirfylgni ýmissa rettindamála. Í því felst meðal annars að halda skrá um þá skóla sem bjóða viðurkennt nám í verkfræði og tæknifræði. Áður voru þessar upplýsingar birtar í bók, s.k. „FEANI Register“ en nú eru þær á vef samtakanna www.feani.org. FEANI hefur aðsetur í Brussel og þar eru þrír starfmenn.

ENGCARD

Helsta viðfangsefni ársfundarinnar var ENGCARD. Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun þess efnis að árið 2012 eigi að vera búið að gefa út starfsréttindaskírteini (professional cards) fyrir allar starfsstéttir, sem ætlað er að auðvelda skráningu og allt utanumhald vegna fólksflutninga innan Evrópusambandsins. Skírteinið mun innihalda grunnupplýsingar um menntun, starfsferil og endurmenntun viðkomandi.

FEANI hefur verið leiðandi í undirbúningsvinnunni innan ESB á síðustu 20 mánuðum og fengið til þess um 610 þúsund Evrur. Afar skiptar skoðanir komu fram á fundinum um tilgang verkefnisins þar sem mörgum þótti markmið verkefnisins óljóst og ávinning af skírteininu vera takmarkaðan. Meðal annars var spurt hvort unnið væri að þessu til að styrkja FEANI eða starfsstéttina. Niðurstaða fundarinnar var að FEANI myndi áfram taka þátt í verkefninu en ekki af sama þunga og áður.

MENNTUNARMÁL

Á ársfundinum var einnig rætt um menntunar- og atvinnu- mál. Allar þjóðir Evrópu, að Finnlandi undanskildu, telja nauðsynlegt að fjölga tæknimenntuðu fólki. Tekin voru dæmi frá löndum í mið- og suður Evrópu þar sem mörg fyrirtæki fara þá leið að láta indverska verkfræðinga og tæknifræðinga vinna verkefni í fjarvinnu. Þess má geta að á hverju ári útskrifast um 300 þúsund verkfræðingar og tæknifræðingar í Indlandi.

Ný aðildarlönd í FEANI

Fyrir fundinum lá umsókn frá Króatíu og Rússlandi um aðild að samtökunum. Auk þess lá fyrir umsókn frá nýju verkfræðingafélagi í Belgíu. Ekki var mikil umræða um umsóknirnar þar sem almennur vilji var hjá aðildarþjóðunum að veita þeim inn- göngu og voru umsóknir þessara þjóða samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Nýr formaður FEANI

Auk stjórnarkjörs fór fram kosning formanns FEANI. Lars Bytoft formaður IDA danska verkfræðinga- og tæknifræðingafélagsins var einn í kjöri til formanns og fékk hann 98% atkvæða í leynilegri kosningu. Lars mun heimsækja TFÍ og VFÍ í byrjun árs 2009 og eiga fundi með fulltrúum félaganna.

Veffang: www.feani.org

Jóhannes Benediktsson, formaður Íslandsnefndar FEANI.

Cladseal

Þétting fyrir
glugga og
byggingaeiningar



Teigjanlegt og tollir

Cladseal EPDM er teigjanlegur gúmmidúkur og með limi á annari hlið sem gerir uppsetningu auðveldu og fljótlega. Aísherjar lausn gegn vatni, vindi og vörn gegn rakaskemmdum fyrir klæðningar á byggingum og glugga.


TRELLEBORG
BUILDING SYSTEMS


DUKPAK
...á þökin
Sími 564 1030

www.dukthak.is

Melabraut 24 220 Haf.

Samkomulag um gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns.

Hvað felst í gestaaðild?

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum verkfræðinga og tæknifræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Gildir í þrjú ár

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í þrjú ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu (SV, VFÍ eða TFÍ) eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

Samkomulagið í heild sinni er á heimasíðum félaganna. Valin er stikan umsóknir. Þar eru einnig upplýsingar um norrænu systurfélögin.



Sameinaðir kraftar

FILIPPIA

Uppsöfnuð þekking og ómetanleg reynsla

VERKÍS er nýtt ráðgjafarfirmtæki á sviði verkfræði. **VERKÍS** verður til við sameiningu fjögurra öflugra verkfræðistofa sem hafa verið leiðandi í virkjun orku ásamt mannvirkjagerð á Íslandi. Þessi fyrirtæki eru **VST-Rafteikning**, **Fjarhitun**, **Fjölhönnun** og **RT-Rafagnatækni**. Hjá **VERKÍS** starfa um 350 starfsmenn sem búa yfir ómetanlegri reynslu og uppsafnaðri þekkingu. **VERKÍS** nýtur sameinaðra krafta í verki.



Útreikningur á varmatapi húsa

Inngangur

Aðild Íslands að Evrópsku stöðlunar-samtökunum (CEN) hefur það í för með sér að staðfesta verður alla samevrópska staðla (EN) sem íslenska staðla (ÍST). Í sumum tilvikum hefur orðið um verulegar breytingar að ræða á þeim reiknireglum sem vinna þarf eftir með tilkomu nýrra staðla. Danir hafa valið þá leið í nokkrum tilvikum að setja danska staðla sem eiga að auðvelda þessar breytingar með því að framsetning er lík því sem verið hefur en vísað til viðeigandi evrópskra staðla. Danski staðallinn myndar því nokkurs konar umgjörð um evrópska umhverfið. Dæmi um einn af þessum dönsku stöðlum er staðallinn **DS 418:2002 Beregning af bygningers varmetab**.

Nýr íslenskur staðall **ÍST 66:2008 Varmatap húsa – Útreikningar** tók gildi þann 1. október síðastliðinn.

Staðallinn vísar til danska staðalsins og inniheldur íslensk sérákvæði við hann. Unnið var að gerð staðalsins á vegum Byggingarstaðlaráðs (BSTR) sem er fagráð á vegum Staðlaráðs Íslands.

Íslensku sérákvæðin

Hér á eftir verður fjallað í stuttu máli um íslensku sérákvæðin við danska staðalinn um útreikning á varmatapi húsa:

- Greinin um hugtök er þýdd á íslensku. Þetta auðveldar samskipti á milli manna þar sem flestum er tamara að tjá sig á íslensku en dönsku.
- Almenn skal nota -15°C sem hönnunarskilyrði fyrir útihitastig, 5°C sem hönnunarskilyrði fyrir hitastig jarðar, -10°C sem hönnunarskilyrði fyrir vel loftræst rými og -15°C sem hönnunarskilyrði fyrir opin rými. Þessi gildi voru valin með hliðsjón af þeim hefðum sem

gilt hafa við varmatapsútreikninga hérlandis.

- Varðandi náttúrulega loftun þá er mælt með því að loftskipti (n loftskipti/klukkustund) í venjulegum íbúðarhúsum verði minnst 0,8 eins og kveðið er á um í byggingarreglugerð.
- Umfjöllun er um undirstöður undir vegg og það línutap sem um þær verður.
- Fjallað er um uppgefin gildi og hönnunargildi til þess að vekja sérstaka athygli notenda á þessum hugtökum. Þar má m.a. nefna ákvæði um að margfalda skuli λ -gildi með 1,2 þegar einangrunin (s.s. einangrunarplast eða steinull) snýr að jarðvegi eins og t.d. á sökkli eða undir gólfplötu ef ekki eru gerðar sérstakar ráðstafanir til minnka rakainnihald einangrunarinnar á þessum stöðum. Viðurkennd ráðstöfun er t.d. að koma fyrir minnst 75 mm þykku grófmalarlagi eða malarlagi með minnstu kornastærð 4 mm undir einangruninni.
- Sýnidæmi eru fyrir algeng þversnið í dæmigerðum íslenskum húsum, þ.e.:
 - Gólf á fyllingu með og án gólfhita og jafnframt með og án grófmalarlags undir einangrun.
 - Steyptur útveggur annars vegar einangraður að innan og hins vegar einangraður að utan.
 - Léttur útveggur einangraður í grind.
 - Uppstólað þak á steypa plötu.
 - Létt timburþak.
 - Viðsnúð þak.
 - Kalt þak.
 - Jafnframt er reiknað mesta leyfða heildarleiðnitap tiltekins húss skv. reglugerð annars vegar og hins vegar reiknað leiðnitap sama húss með og án gólfhita.

Athygli vekur að samkvæmt reiknireglum staðalsins þá þarf að auka þykkt einangrunar í nokkrum tilvikum frá því sem almennt hefur verið talið uppfylla kröfur. Hér er m.a. um að ræða létt þök, viðsnúin þök, útveggi sem eru einangraðir að utan og hús með gólfhita, og í því tilviki vegna heildarvarmataps hússins.

Samhliða útgáfu staðalsins var byggingarreglugerð breytt þar sem óbreytt reglugerð hefði með tilkomu staðalsins haft í för með sér verulega auknar kröfur til einangrunar húsa.

Hagsmunaaðilar eru hvattir til þess að kynna sér innihald staðalsins. Hann fæst hjá Staðlaráði Íslands sem er til húsa í Skúlatúni 2 í Reykjavík.

Dr. Hafsteinn Pálsson,
byggingarverkfræðingur



Stjórn STFÍ, f.v. Magnús Þór Karlsson, Daði Ágústsson og Ingvar Blængsson.

Námskeið á vegum STFÍ

Félag stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ stóð nýverið fyrir námskeiðinu: **Að leiða fólk til árangurs. Námskeiðið, sem var opið öllum félagsmönnum í TFÍ, SV og VFÍ, þótti takast mjög vel. Námskeiðið var samtals sex klukkustundir, dagana 11. og 13. nóvember. Þátttakendur voru 27 talsins.**

Hlutverk stjórnenda og leiðtoga er m.a. að hvetja og efla starfsfólk sitt þannig að það nái þeim markmiðum sem sett hafa verið fram. Hvernig stjórnendur gera þetta er einstaklingsbundið en er einnig háð þeirri menningu og umhverfi sem einkennir hverja stofnun og fyrirtæki. Á námskeiðinu var farið yfir hvaða þættir það er sem leiðtoginn þarf að huga að til að ná árangri.

Kynnt voru próf og aðferðir sem nýtast vel stjórnendum varðandi hvernig upplýsinga er aflað og þær notaðar, meðal annars við ákvarðanatöku og skipulagningu. Fjallað var um tengsl starfsánægju og árangurs í starfi, tryggð starfsmanna og starfsmannaveltu. Þá var fjallað um hvaða hlutverki stjórnendur gegna við hvatninu og starfsánægju á vinnustöðum. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Kristinn Tryggvi Gunnarsson, fyrrum forstjóri Capacent.

Framhald af bls. 9

tökum og ekki má gleyma vatnsveitunni, umhverfismálum og gagnagerðinni sem tók stakkaskiptum.

Tölvumál sveitarfélaganna skipulögð

Þegar fjölskyldan flutti í bæinn tók Logi að sér starf forstöðumanns Tölvuþjónustu Sambands íslenskra sveitarfélaga. – Þar liðu þrettán ár.

„Ég hafði setið í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 1974. Árið 1978 flutti ég tillögu í stjórn sambandsins um að tölvuþjónustunni yrði komið á fót.

Tölvuþjónustan var samstarfs- og samræmingarvettvangur sveitarfélaganna á sviði tölvumála.

Fyrsta verkefnið voru kaup og umsjón með keyrslu á fjárhags- og gjaldendabók-haldi fyrir sveitarfélögin sem tölvudeild Flugleiða annaðist.

Á vegum tölvuþjónustunnar var leitað eftir tilboðum í hug- og vélbúnað fyrir sveitarfélögin stór og smá og þau aðstoðuð við að koma upp búnaði og nýta hann.

Tölvuþjónusta sveitarfélaga var með fyrstu aðilum sem bauð út hugbúnað, það var árið 1975. Í upphafi voru sveitarfélögin 11 sem tóku þátt í samstarfinu og kerfin tvö. Í lok starfstímabilsins voru sveitarfélögin orðin 117 og tölvukerfin komin vel á annan tuginn.

Vegna mismunandi stærðar og þarfa sveitarfélaganna var um ólíkan vél- og hugbúnað að ræða. Þessi sameiginlegu innkaup á vörum og þjónustu þóttu nú ekki góð lenska þegar kom fram á síðasta áratug síðustu aldar og ákvörðun var tekin um að leggja þetta af.

Við slit á Tölvuþjónustunni voru gerðir samningar við þá birgja sem unnið höfðu fyrir okkur um að þeir tækju við þjónustunni og þar með tryggt að höfundar- og heiðursréttur var virtur.“

Til félaganna

Þú tókst við starfi framkvæmdastjóra VFÍ og TFÍ árið 1997. Hvernig var sú upplifun og hefur eitthvað breyst á þessum árum?

„Ég man að eitt það fyrsta sem ég tók eftir, sérstaklega hjá VFÍ, var að félagsmenn

vanmátu stöðu stéttarinnar í samfélaginu. Mér fannst þá og finnst enn viðhorf fólks til stéttarinnar í heild vera mjög jákvætt. Auðvitað koma upp mál og framkvæmdir sem snerta stéttina og eru umdeild. Þannig hlýtur það að vera um stétt sem gegnir svo þýðingarmiklu hlutverki á margvíslegum sviðum. Umræðan er einnig í hina áttina. Ég man til dæmis að Hvalfjarðargöngin höfðu mjög jákvæð áhrif á ímynd stéttarinnar. Sú framkvæmd var áþreifanlega til bóta fyrir fólkið í landinu. Nú halda kannski sumir að Kárahnjúkavirkjun hafi haft neikvæð áhrif en ég hef ekki fundið fyrir því.

Þegar ég tók við fannst mér líka vera dálítill kyrkingur í starfi félaganna. Það var búið að þrengja svo að þeim fjárhagslega. Þau unnu eins og undirmálmenn, ef svo má segja. Þá á ég við að það var beðið um aðstoð og styrki í hluti sem eðlilegt var að félögin borguðu sjálf. Sem betur fer styrktist fjárhagurinn. Hvað VFÍ varðar þá var lóðin að Engjateigi 7 seld og félagið á nú hlut í Ístakshúsinu. Einnig er það ótvírætt að samrekstur TFÍ og VFÍ hefur skilað töluverðri hagræðingu. Hið sama má segja um samrekstur skrifstofunnar með SV frá síðustu áramótum. Að stærstum hluta hefur fjárhagsstaðan verið góð og tiltölulega auðvelt að takast á við hlutina.

Samstarfið við SV hefur mér fundist sérstaklega mikilvægt vegna þess að kjarabátturinn hjá TFÍ var farinn að íþyngja öðru starfi. Tilkoma sjóðanna og annað slíkt jók þörfina fyrir þjónustu við félagsmenn. Það var orðið aðkallandi að hagræða og samræma þjónustu SV og KTFÍ. Það er reyndar mín skoðun að það sé skynsamlegt að sameina félögin og ég vil sjá tölvunarfræðinga í því félagi líka.

Einn mikilvægasti þátturinn í starfi félaganna eru menntunarnefndirnar. Ég hvet þær til að halda sínu striki og slá ekki af kröfunum varðandi undistöðugreinarnar og starfheitisleyfin.“

Viðhorf félagsmanna

„Því er ekki að leyna að þegar ég kom að félögunum þá var nokkur spenna milli VFÍ og SV. Svipaða sögu má segja um viðhorfin gagnvart VFÍ innan ákveðinna

skora í verkfræðideild HÍ. Ég held að það hafi breyst verulega en samt endurspeglast spennan til dæmis í því að ákveðnir aldurshópar eru ekki í félaginu. Það verður ekki rakið til húsbýggingarinnar sem olli nokkrum deilum í kringum 1990.

Það er vissulega auðveldara að fá ungt fólk til að sjá ávinninginn af því að ganga í stéttarfélag en fagfélag m.a. vegna sjóðanna. Oft er það svo að fólk gengur fyrst í SV og síðan í VFÍ nokkrum árum seinna þegar það hefur komið sér fyrir og horfir til lengri tíma. Nemarnir sem eru að koma út úr skóla eru ekki að hugsa um tengsl við þá sem eldri eru og finnst þeir geta allt! Það spilar líka inn í að síðustu ár hafa verið sérstakar aðstæður og reyndar hugarfar í samfélaginu. Það hefur verið einhver þjóðfélagslegur áróður og neikvæðni gagnvart kjarafélögum og fagfélögum og hamrað á því að fólk þurfi ekki á þeim að halda. Þetta er líklega einhvers konar góðærisviðhorf.

Það er deginum ljósara að félögin ná ekki nógu vel til yngsta fólksins. Við höfum reynt að greina þennan vanda og leitað leiða m.a. með beinum samskiptum og kynningarfundum til að ná betur til þeirra sem eru nýútskrifaðir. En árangurinn hefur ekki verið í samræmi við erfiðið. Það er ekki nema 20-30% af nýútskrifuðum sem ganga í VFÍ og lítið fleiri í SV sem engan veginn er ásættanlegur árangur. Tækniþræðingarnir skila sér mun betur.“

En hvað geta félögin gert í þessari krepputíð?

„Halda uppi öflugum starfi. Hlutverk félaganna hefur ekkert breyst nema síður sé. Efla þarf tækniþróun og þar þurfa félagsmenn að vera í fararbroddi eins og undanfarna áratugi. Verkfræðingahús á að vera miðstöð umræðna og hugmynda.

Félögin þurfa að nýta þau tengsl sem þau hafa á Norðurlöndunum og víðar. Meðal annars vegna þess að þar er skortur á tæknimenntuðu fólki, sérstaklega í Noregi. Við eigum að sækja á þessi mið til að afla verkefna.

Við þessar aðstæður gilda nokkurn veginn sömu lögmál og áður. Það er að menn setji sér markmið og fylgi þeim eftir. - Haldi bjartsýninni og trúnni á það sem þeir eru að gera og geta gert.“



Þegar spurt er um hitakerfi er svarið: "Já, Danfoss er með lausnina fyrir þig"

Við höfum í áratugi verið leiðandi í framleiðslu stjórnbúnaðar fyrir hitakerfi og séð notendum um allan heim fyrir búnaði og lausnum, sem gerir líf þeirra þægilegra.

Við erum eini framleiðandinn á markaðinum sem sérhæfir sig í framleiðslu stjórnbúnaðar ásamt varmaskiptum og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Við leggjum metnað okkar í að finna réttu lausnirnar fyrir viðskiptavinum okkar - hverjar sem stærðirnar, þarfirnar eða kröfurnar kunna að vera.



Almenna
verkfræðistofan
FRÁMÖTUN
AR MANNVIRKI
av@almenna.is - www.almenna.is

ASETA
Sími: 533 1600



ALFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755
www.alfaborg.is



Danfoss hf.
SKÚTUVOGI 6 SÍMI 510 4100
www.danfoss.is



EFLA
VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is



Fjoltaekni ehf.
Suðarvogi 14 - 104 Reykjavík
Sími 568-7580 - Fax 568-7585
fjoltaekni@fjoltaekni.is www.fjoltaekni.is



VERKÍS
Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



Glófaxi ehf
Iðnaðar- og eldvarnarhurðir
Ármúla 42, 108 Rvk.
S: 553 4236 glifaxi@simnet.is



HS
HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 - 108 Reykjavík
Sími: 552 2222 - Fax: 562 4966
hitastyring@hitastyring.is



HITAVEITA
SUDURNESJA HF.
Pósthólf 225 • 231 Reykjanesbær
S: 422 5200 • F: 421 4727
www.hs.is • hs@hs.is
Netf. forst.: julius@hs.is



HNIT HF
VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
Sími 570-0500, fax 570-0503
hnit@hnit.is, www.hnit.is



ÍSLEIFUR
JÓNSSON
Dragháls 14 - 16 - 110 Reykjavík
Sími, 4 12 12 00 - www.isleifur.is



VERKÍS
Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.
Bíldshöfða 12, 110 Reykjavík
sími 587 6666 - fax 567 3624
www.isloft.is - isloft@isloft.is



ÍSMAR
Við mælum með því besta



ÍSTAK



LAGNATÆKNI
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands
Keldnaholti 112 Reykjavík
Norðurlóð 600 Akureyri
Suðurgötu 12, 400 Ísafirði
Sími 522 9000, bréfsími 522 9111



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
Grenásvegi 1, 108 Reykjavík
Sími 422 3000 / Fax: 422 3001
mannvit@mannvit.is / www.mannvit.is



EFLA
VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is



mest



MÚLALUNDUR
ESLA seltáttir til MÚLALUNDIR
Netfang: mulalundur.is



FASTIÐEN ehf.
Stungukyl 11, 110 Reykjavík
Ísland, www.fastiden.is
Virgni loftræstikerfa er okkar fag!
Virgni loftræstikerfa er okkar fag!



VERKÍS
Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



EFLA
VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is



SAMSKIPTI
prentlausnir
fyrir skapandi fólk
sími 580 7800 - www.samskipti.is



SI
Samtök iðnaðarins
www.si.is



Sökkull ehf.
Funahöfða 9
110 Reykjavík
S: 5776100
Fax: 5776104
www.sokkull.is
sokkull@sokkull.is



VERKÍS
Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



Teiknistofa PZ ehf
Ráðgjafarverktækni og þjónusta
Kirkjuvegi 23 · Vestmannaeyjum
Sími 481 2711 · tpzp@eyjar.is
www.teiknistofa.is
Sími: 551 7560 • FAX: 562 4110 • varmi@varmi.is

STJÖRN- OG EFTIRLITSKERFI
LOFTRÆSISAMSTÆÐUR - LOFTRÆSIBÚNAÐUR



varmi



VERKFRÆÐISTOFA
AUSTURLANDS



Verkfræðistofa
Jóhanns Indriðasonar ehf.
Síðumúli 1 - 108 Reykjavík - Sími 560 5400 - Fax 560 5410 - www.vji.is



Verkfræðistofa
Norðurlands ehf



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
Grenásvegi 1, 108 Reykjavík
Sími 422 3000 / Fax: 422 3001
mannvit@mannvit.is / www.mannvit.is



VÍÐSJÁ
VERKFRÆÐISTOFA FRY
561
9040



VSB
VERKFRÆÐISTOFA
BÆJARHRAUNI 20 · 220 HAFNARFJÖRÐUR



VSÓ RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík
sími: 585 9000, fax: 585 9010
netfang: vso@vso.is
heimasíða: www.vso.is



VERKÍS
Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is



EFLA
VERKFRÆÐISTOFA
Suðurlandsbraut 4A - 108 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is



REYKJALUNDUR

Lagnir
Umbúðir
Leikföng

www.reykjalundur.com

Mosfellsbær
Akureyri
Kópavogur
Garðabær

Lagnir

Sérsmíðum lagnir, auk þess sem við eigum mikið af hefðbundnum einingum á lager.

Öruggar

sparnaðarleiðir!



SPRON VAXTABÓT

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Stigvaxandi vaxtaálag
- Alltaf laus

SPRON VIÐBÓT

- Verðtryggður
- Bundinn til 36 mánaða
- Háir grunnvextir
- Stigvaxandi vaxtaálag að binditírma loknum

SPRON VELTUBÓT

- Óverðtryggður
- Háir, stighækkandi vextir
- Mánaðarleg greiðsla vaxta
- Alltaf laus

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**

Nánari upplýsingar um sparnaðarleiðir SPRON
þjónustuver 550 1400 | spron.is

 **spron**
- bankinn þinn